

# Minnisblað

Til: Fræðslunefndar  
Frá: Margrét Halldórsdóttir  
Dags. 15. mars 2016  
Mnr. 2013010070



ÍSAFJARÐARBÆR

## Staða í leikskólamállum á Ísafirði

Starfsmenn skóla- og tómstundasviðs taka reglulega stöðuna á vöntun leikskólapláss en vegna fæðar hafa litlar breytingar mikil áhrif. Nýlega var opnuð fimmta deildin við leikskólann Sólborg og er hún til húsa á 2. hæð Sundhallarinnar þar sem Eyrarsól var áður. Deildin er hugsuð til bráðabyrgðar fram á sumar en húsnæðið hefur verið nýtt af heilsdagsskólanum Dægradvöl í haust og vetur. Með þessu móti var hægt að rýma fyrir yngri börnum á Sólborg og eru núna á Eyrarskjóli og Sólborg um 180 nemendur.

Í þeirri sviðsmynd sem fræðslunefnd skoðaði síðasta vetur var verið að taka mið af því að skapa um það bil 200 leikskólapláss. Eyrarskjól og Sólborg geta í dag rúmað 155-160 börn en til skoðunar er að byggja 30-40 barna deild við leikskólann Eyrarskjól.

Frá því að þessi sviðsmynd hér að neðan var sett upp hefur fjölgað í þeim árgöngum sem þurfa leikskólapláss og ljóst að árgangar fara aftur stækkandi. Í dag telja yngstu árgangar leikskólabarna 20-48 börn.

Samtals í leikskóla					
Fjöldi í árgangi	20	30	40	50	60
2015-2016	160	160	160	160	160
2016-2017	155	165	175	185	195
2017-2018	131	151	171	191	211
2018-2019	116	146	176	206	236
2019-2020	112	152	192	232	272
2020-2021	100	150	200	250	300
2021-2022	100	150	200	250	300
2022-2023	100	150	200	250	300
2023-2024	100	150	200	250	300
2024-2025	100	150	200	250	300

Miðað við núverandi gögn á að takast að tryggja öllum börnum sem náð hafa 18 mánaða aldri leikskóladvöl á leikskólunum tveimur, jafnvel út þetta ár. Það mega hinsvegar ekki verða miklar breytingar og að öllum líkindum verðum við komin í vandræði öðru hvoru megin við næstu áramót.

MH